

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987,  
um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald,  
lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988,  
um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.**

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „hlutabréfa“ í 1. mgr. kemur: og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf.
- b. Á eftir orðinu „hlutabréfa“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf.
- c. 5. mgr. fellur brott.

##### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

- a. 1. og 3. mgr. 5. tölul. falla brott.
- b. Við 4. másl. 9. tölul. bætist: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- c. Á eftir 9. tölul. kemur nýr töluliður er verður 9. tölul. a, svohljóðandi: Hagnað af sölu hlutabréfa og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, samkvæmt lögum þessum hjá félögum sem falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. af hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Sama gildir um hagnað sem félög í sömu félagaforum sem eru skattskyld

skv. 7. tölul. 3. gr. og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið af sölu hlutabréfa. Ákvæði þessa töluliðar tekur einnig til hagnaðar af sölu hlutabréfa í félögum sem skráð eru erlendis ef seljandi sýnir fram á að hagnaður af starfsemi hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Frádráttur skv. 3. másl. er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, heimilast ekki sem frádráttur frá tekjum og myndar ekki yfirfæranlegt tap.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrar-tap hafi verið jafnað, þar með talið tap sem myndast hefur á tekjuárinu.

Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

### 3. gr.

Á eftir 4. mgr. 89. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

- Þrátt fyrir ákvæði 2.–4. mgr. skal álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla lögaðila skv. 2. og 3. gr. heyra undir Reykjavíkurmæmi sé annað eða bæði eftirfarandi skilyrða uppfyllt:
- rekstrartekjur lögaðila samkvæmt síðasta ársreikningi, að viðbættum fjármagnstekjum, eru 10 milljarðar kr. eða hærri. Móður- og dótturfélög þess lögaðila skulu einnig heyra undir Reykjavíkurmæmi séu þau skattskyld hér á landi,
  - heildareignir lögaðila samkvæmt síðasta ársreikningi eru 5 milljarðar kr. eða hærri. Móður- og dótturfélög þess lögaðila skulu einnig heyra undir Reykjavíkurmæmi séu þau skattskyld hér á landi.

Skattaumsýsla þeirra lögaðila sem kveðið er á um í 5. mgr. skal að jafnaði eigi vara skemur en tvö ár frá því að framangreind skilyrði eru uppfyllt.

Fyrir lok hvers árs skal ríkisskattstjóri tilkynna þeim lögaðilum sem falla undir skilyrði a- eða b-liðar 5. mgr. að skattaumsýsla þeirra heyri undir Reykjavíkurmæmi. Ríkisskattstjóra er jafnframt heimilt að beiðni skattstjóra eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að fella lögaðila undir 5. mgr. eða fella lögaðila undan henni enda tilkynni hann viðkomandi lögaðilum þá ákvörðun sína. Í reglugerð sem ráðherra setur skal nánar kveðið á um fyrirkomulag skattaumsýslu þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr.

## II. KAFLI

### **Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.**

#### 4. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr. a, svohljóðandi:

Eftirlit samkvæmt ákvæðum 21. gr. og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkurmæmi.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.**

5. gr.

Á eftir 6. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkumumdæmi.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.**

6. gr.

Á eftir 4. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkumumdæmi.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

7. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Skráning, álagning, eftirlit og önnur virðisaukaskattsumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkumumdæmi.

8. gr.

Við a-lið viðauka við löggin bætist: 0401.1009, 0401.2009 og 0401.3009.

## VI. KAFLI

**Gildistaka.**

9. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna söluhagnaðar sem myndast á árinu 2008, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 3.–7. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2009.

Ákvæði 8. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Umsýsla stórfyrirtækja skv. 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal hefjast 1. janúar 2009. Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 2008 tilkynna formlega þeim fyrirtækjum sem falla undir tilgreind ákvæði að þau heyri undir Reykjavíkumumdæmi. Samkvæmt framan-sögðu heyra ákvarðanir er varða skatta og gjöld, sem tilgreind eru í II. kafla laga nr. 90/2003, undir sama umdæmi frá og með 1. janúar 2009. Jafnframt verður forræði í öllum málum aðila sem falla undir 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003 í Reykjavíkumumdæmi, óháð því hvort ákvörðun varðar endurskoðun, eftirlit eða kæruúrskurði tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 og þeirra skatta og gjalda sem tilgreind eru í II. kafla. Þetta ákvæði tekur einnig til ólokinnna mála að teknu tilliti til ákvæða 97. gr. laga nr. 90/2003 um endurupptöku skattlagningar.

**II.**

Ákvæði 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu halda gildi sínu um hagnað félaga skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga og einstaklinga í atvinnurekstri af sölu hlutabréfa sem féll til fyrir gildistöku laga þessara. Ákvæði þetta skal einnig halda gildi sínu um frestaðan söluhagnað félaga skv. 1. og 2. tölul. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, á árunum 2006 og 2007.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*